

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 142/2020**

**frá 25. september 2020**

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/313 frá 21. febrúar 2019 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í hánýtnum 48 volta hreyfilrafala (BRM) frá SEG Automotive Germany GmbH með 48 volta/12 volta jafnstraums-jafnstraumssumriðil sem er notaður í hefðbundinn brunahreyfil og tiltekin létt atvinnuökutæki knúin blendingshreyfli sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/314 frá 21. febrúar 2019 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í hánýtnum 48 volta hreyfilrafala (BRM) frá SEG Automotive Germany GmbH með 48 volta/12 volta jafnstraums-jafnstraumssumriðil sem er notaður í hefðbundinn brunahreyfil og tilteknar fólksbifreiðar knúnar blendingshreyfli sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 <sup>(2)</sup>.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21aezd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1119):

„21aeze. **32019 D 0314**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/314 frá 21. febrúar 2019 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í hánýtnum 48 volta hreyfilrafala (BRM) frá SEG

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 51, 22.2.2019, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 51, 22.2.2019, bls. 42.

Automotive Germany GmbH með 48 volta/12 volta jafnstraums-jafnstraumsumriðil sem er notaður í hefðbundinn brunahreyfil og tilteknar fólksbifreiðar knúnar blendingshreyfli sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (Stjtið. ESB L 51, 22.2.2019, bls. 42).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21aye (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1876):

„21ayf. **32019 D 0313**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/313 frá 21. febrúar 2019 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í hánýtnum 48 volta hreyfilrafala (BRM) frá SEG Automotive Germany GmbH með 48 volta/12 volta jafnstraums-jafnstraumsumriðil sem er notaður í hefðbundinn brunahreyfil og tiltekin létt atvinnuökutæki knúin blendingshreyfli sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjtið. ESB L 51, 22.2.2019, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvæðana (ESB) 2019/313 og (ESB) 2019/314, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.